SKÓLADEILD
AKUREYRARBÆJAR
GLERÁRGÖTU 26
600 AKUREYRI

OPIN VIRKA DAGA
KL. 8-16
SÍMI 460-1455

Skóla-akur

Vefrit um skólamál 2. tbl. 5. árg. 21. jan. 2011

RITSTJÓRN
Gunnar Gíslason
gunnarg@akureyri.is
Sesselja Sigurðardóttir
sesselja@akureyri.is

MARKMIÐ BLAÐSINS
er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á **gunnarg@akureyri.is eða sesselja@akureyri.is**
Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING
Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í leik– grunn– og tónlistarskóla bæjarins, auk fulltrúa foreldra o.fl. á starfstíma skóla.

Innritun í leikskóla fyrir næsta skólaár.

Foreldrum sem óska eftir leikskólavist fyrir börn sín á komandi skólaári er bent á að umsóknir um leikskóla þurfa að berast skóladeild fyrir 31. mars n.k. Hægt er að sækja um í rafrænu formi á heimasíðu skóladeildar http://skoladeild.akureyri.is/ Fyrstu innritunarbréfin verða send út í aprílmánuði og gert er ráð fyrir að aðlögun barna geti hafist í maí mánuði. Stefnt er að því að allri aðlögun verði lokið í september. Tímasetning aðlögunar tekur mið af því hvenær 6 ára börn leikskólans hætta vegna grunnskólagöngu. Undanfarin ár hefur þróunin verið sú að mikill meirihluti 6 ára barna dvelur í leikskólanum fram að sumarlokun eða fram að grunnskólabyrjun.

Dagur leikskólans 6. febrúar

Sunnudagurinn 6. febrúar er dagur leikskólans. Þessi dagur varð fyrir valinu vegna þess að þann 6. febrúar árið 1950 var stofnað fyrsta félag leikskólakennara á landinu. Stofnfélagar voru tuttugu og tveir leikskólakennarar eða fóstrur eins og þeir hétu þá, þeir fyrstu sem útskrifuðust hér á landi frá Uppeldisskóla Sumargjafar. Fyrsta útskrift Uppeldisskólans Sumargjafar var í febrúar 1948.

Dagur leikskólans verður nú haldinn hátíðlegur í fjórða sinn. Þar sem dagurinn er á sunnudegi er mælst til þess að leikskólar landsins haldi daginn hátíðlegan á föstudeginum 4. febrúar. Dagur leikskólans er tækifæri til að breiða út boðskap leikskólans og hvetja til jákvæðrar umræðu um leikskólastarf og mikilvægi þess fyrir hvern einstakling og skólakerfið í heild sinni.

Í tilefni dagsins ætla leikskólar á Akureyri og frá nágrannasveitarfélögum að opna sýningu á kennsluefni leikskóla í Amtbókasafninu á Akureyri
Til sýnis verða ýmiss konar kennsluefni, kennsluleiðbeiningar og fleira sem snýr að starfsemi leikskólanna. ***Sýningin verður í Amtbókasafninu út allan febrúarmánuð***.

Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda í leikskóla standa fyrir stuttmyndasamkeppni á landsvísu í tilefni af degi leikskólans. Þemað er „leiksskólinn minn“. Nánari upplýsingar um keppnina er að finna á heimasíðu kennarasambandsins http://fl.ki.is/

Undirbúningsnefnd á Akureyri: Helga María Þórarinsdóttir Lundarseli, Ólöf Pálmadóttir Pálmholti og Vala Magnúsdóttir Síðuseli.
Skóla akur óskar leikskólakennurum, starfsfólki, börnum og foreldrum til hamingju með daginn. Í næsta Skóla akri er stefnt að því að birta myndir frá sýningunni á Amtbókasafninu.

Kennarar í Lundarskóla undirbúa Comeníusar verkefni

Í síðustu viku voru kennarar frá Írlandi og Þýskalandi í heimsókn í Lundarskóla. Tilgangur heimsóknarinnar var að undirbúa og ganga frá umsókn um Comeníusar verkefni. Verkefnið yrði samstarfsverkefni Lundarskóla og skóla frá Írlandi, Póllandi, Slóvakíu og Þýskalandi. Meginþema verkefnisins er stærðfræði. Umsóknarferli fyrir Comeníusarverkefni tekur tíma svo ekki er gert ráð fyrir að svar um hvort af þessu geti orðið fyrr en með vorinu.

Á morgun föstudag er bóndadagur. Þá gera börnin í leikskólunum sér glaðan dag með ýmsu móti. Sumir halda þorrablót en aðrir bjóða feðrum sínum og / eða öfum, bræðrum og / eða frændum í heimsókn í tilefni dagsins. Sum börnin eru búin að baka sitthvað gómsætt, önnur hafa skorið niður gómsætan íslenskan þorramat og enn aðrir ætla að bjóða upp á hafragraut og slátur í tilefni dagsins. Margir eru búnir að útbúa víkingahjálma eða víkingakórónur svo það má búast við miklu fjöri í leikskólunum á morgun. Þessi ungi víkingur var að störfum á Krógabóli á dögunum.

Brekkuskóli - Uppbygging



Hvað er Uppbygging? Sjálfstjórn og sjálfsagi. Að bera ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Að læra af mistökum í samskiptum og vaxa af því.
Gildi fremur en reglur!
Uppbygging er lífsgildismiðuð fremur en reglumiðuð og gengur út frá þremur grundvallarhugmyndum.
Við erum alltaf að gera okkar besta.
Öll hegðun hefur tilgang.
Við eigum hvert sína óskaveröld um hver við viljum vera.
Þegar valin lífsgildi stýra hegðun okkar erum við sátt.
Nánari upplýsingar er að finna á vef Brekkuskóla http://www.brekkuskoli.is/

Foreldranámskeið um Jákvæðan aga.

Nú eru foreldrafundir um Jákvæðan aga hálfnaðir og eru um 100 foreldrar úr Glerárskóla, Hrafnagilsskóla, Naustaskóla og Naustatjörn alls sem sækja þessi tveggja kvölda námskeið. Á heimsíðu skólanna er að finna gögn sem tengjast námskeiðinu s.s. glærur varðandi fjölskyldufundi, grein um fjölskyldufundi og glærukynning um jákvæðan aga. Hér er hægt að nálgast upplýsingarnar http://naustaskoli.is/

Heilsuleikskólinn Krógaból

Leikskólinn vinnur samkvæmt stefnu Heilsuleikskóla sem höfðu frumkvæði að mótun heilsustefnu fyrir leikskóla. Sýn skólans er að efla siðferðisvitund barna og full-orðinna í þeim tilgangi að verða bæði góðar og fróðar mann-eskjur.

Stefna skólans er að börnin tileinki sér lífsleikni í gegnum allt nám leikskólans. Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virð-ingu fyrir umhverfi sínu.
Lögð er áhersla á að auka gleði og vellíðan barnanna í leik og starfi með áherslu á hreyfingu og næringu.

Markmið Krógaból s

- ⇒ **Að börn, foreldrar og starfsfólk séu ánægð og líði vel í leikskólanum.**
- ⇒ **Að efla jákvæða sjálfsvitund, sjálfstraust og sjálfsmynd barnanna þannig að þau verði sjálfstæðir einstakl-ingar.**
- ⇒ **Að börnin öðlist skilning á tilfinningum sínum og annarra, sýni samkennd og beri virðingu fyrir um-hverfi sínu.**
- ⇒ **Að siðferðisvitund barna eflist í þeim tilgangi að þau verði bæði góð og fróð.**
- ⇒ **Að gott samstarf, traust og gagnkvæm virðing skapist milli heimilis og skóla.**
- ⇒ **Að bjóða upp á fjölbreytt skapandi nám sem efli al-hliða þroska barnsins, veki með því forvitni og örvi hugmyndaflug þess.**

Umhverfisvika á Flúðum dagana 24.- 28. janúar 2011

Börn og starfsfólk á Flúðum hafa gert eftirfarandi umhverfissáttmála

Börn og starfsfólk á Flúðum vill hugsa vel um jörðina.
Við viljum spara orku og fara vel með allan efnivið og leikföng.(Reduce)
Við endurnýtum hluti t.d. með að föndra úr því sem hægt er. (Reuse)
Við flokkum og sendum í endurvinnslu: pappír, fernur, bylgjupappa, gler og plast (Recycle)
Við hugsum vel um okkar næsta nágrenni, t.d. lóðina okkar og vinnum vel á umhverfisdaginn.
Þegar við förum í vettvangsferðir pössum við alltaf að skilja ekki eftir okkur rusl

Í umhverfisvikunni verður lögð áhersla á að leika með verðlaust efni, flokka „rusl"á hverri deild, fræðslu og umræður um endurvinnslu. Það verður fjallað um vatn og leiki með snjó. Það verður rætt um loftið og hvernig hægt er að halda því hreinu. Loks á föstudag verður umhverfisvæn listasmiðja í sal leikskólans. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu leikskólans
http://fludir.akureyri.is/Fréttir.htm

Vetrarleikar á Kiðagili

Börnin á Kiðagili héldu vetrarleika á dögunum. Á meðan annar hópur barnanna renndi sér í Hlíðar-fjalli gerði hinn tilraunir með snjó í leikskólanum. Í þessari vinnu sést að með auðugu ímyndunarafli er hægt að nýta snjóinn á ýmsa vegu. Og nóg er nú af honum :-) Hægt er að nálgast myndir af vinnunni hér.
http://picasaweb.google.com/107743945268372536533/TilraunirMeSnjo#

Leikskólinn Krógaból hefur tekið þátt í tveimur þróunarverkefnum.

Árið 1997 - 1998 unnu leikskólarnir Krógaból og Bjarnarhús á Húsavík þróunarverkefni um foreldrasamstarf á aðlögunar-tíma. Þróunarverkefnið hefur ekki verið gefið út á rafrænu formi.

Árin 2001 - 2004 unnu leikskólarnir Krógaból, Síðusel og Sunnuból þróunarverkefnið Lífs-leikni í leikskóla. Í tengslum við þróunarverk-efnið sömdu kennarar skólanna og gáfu út kennsluefnið Lífsleikni í leikskóla.

Lífsleikni byggist á alhliða þroska, færni til samskipta, rök-rænnar tjáningar, og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Lífsleikni byggist á að börnin verði sjálfstæðir einstaklingar og öðlist trú á eigin getu. Að börnin tileinki sér innri aga, séu fær um að sýna kurteisi og og samkennd og temji sér virðingu fyrir umhverfi sínu. Að börnin læri að þekkja tilfinningar sínar eins og gleði, sorg og reiði og að hafa taumhald á þeim.

Lífsleiknin er m.a. kennd með dygðakennslu. Í vetur er unnið með dygðirnar hugrekki, hófsemi og glaðværð.

Allar nánari upplýsingar um verkefnið má finna á síðunni

http://krogabol.akureyri.is/lifsleikni/lifsleiknifor.htm

Hvað er þetta með kökur og tertur í Oddeyrarskóla?

Í síðasta Skóla akri var sagt frá hönnuðum á piparkökuhúsum í Oddeyrarskóla. Nemendurnir þar halda áfram að vinna með „kökur" því þeir hófu nýtt ár með að kynnast verkum bandaríska listmálarans Wayne Thiebaud. Hann fæddist árið 1920 og er oft talinn standa á jaðri popplistarinnar. Viðfangs-efni hans eru t.d. tertur, kökur og varalitir. Thiebaud sagði t.d. *„hvítan í marengsinum verður mér tilefni mikilla skáldlegra hugleiðinga. Hann er eins og snjór, minnir á frost og er ígildi hreinleikans..."* Þessa dagana vinna nemendur í anda Thiebaud og tertur og kökur af öllum gerðum spretta upp á veggjum skólans.

Og meira af mat…

Grauturinn góði…

Í Giljaskóla er nú framreiddur hafra-grautur fyrir nemendur áður en skólatími hefst. Ennfremur geta nemendur í unglingadeild fengið graut í fyrstu frímínútum á morgnana.
Allir geta mætt í grautinn og er hann tilbúinn uppúr hálf átta á morgnana. Hefur þetta mælst vel fyrir og eru ýmis tilbrigði við grautinn svo sem kanel og sykur, rúsínur og jafnvel lauma sumir súkkulaðimolum í hann. Gerð var könnun á því fyrir áramót á því hvort áhugi væri hjá nemendum að gera þessa tilraun og er útkoman orðin að veruleika. Fram að þessu eru þetta um 130 - 140 nemendur sem nýta sér að mæta í grautinn sér að kostnaðarlausu. .

Næsti Skóla akur kemur út fimmtudaginn .3. febrúar 2011